



Vefrit VÍ

Miðannarmat

A B C

Framhaldsskólar nota Innu á svipaðan hátt og grunnskólar nota Mentor. Foreldrar sem eru skráðir forráðamenn hafa aðgang í gegnum rafræn skilríki. Við biðjum ykkur að lesa yfir og leiðrétta persónuupplýsingar ef með þarf, sérstaklega ef þið notið vinnunetfangið ykkar og hafið skipt um starfsvettvang nýverið. Það er gert með því að velja örvið hlið myndarinnar, "Stillingar" og "Breyta persónuupplýsingum". Aðgangur foreldra rennur út þegar nemandinn verður 18 ára.

Athugið að sérhver nemandi getur framlengt foreldraaðganginn í Innu með því að smella á myndina af sér og velja "Ég" og síðan „Aðstandendur“. Ef það er „Nei“ í reitnum „Aðgangur“ þá hefur aðstandandi ekki aðgang. Því er breytt með því að smella á blýantinn. Foreldrar og forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með námi barna sinna.

Opnað verður fyrir miðannarmat yfirstandandi annar klukkan 15:00 föstudaginn 28. febrúar. Foreldrar og forráðamenn nemenda undir 18 ára aldri geta nálgast niðurstöður matsins með því að skrá sig í [INNU](#) en foreldrar og forráðamenn lögráða nemenda verða að fá aðgang í gegnum börnin sín, sbr hér að ofan. Skólinn veitir ekki slíkan aðgang.

Foreldrar eru eindregið hvattir til þess að skoða matið og nota niðurstöðurnar til þess að eiga samræður við börnin sín um námið það sem af er önninni og væntinga þeirra til lokaeinkunna í hverjum áfanga.

Námsráðgjafar munu svo í framhaldinu kalla til sín þá nemendur sem ekki koma vel út úr matinu og ræða við þá um námsframvinduna og hvernig megi bæta hana.

Árshátíð starfsmanna



Vegna árshátíðar starfsmanna verður skólinn lokaður frá hádegi fimmtudaginn 5. mars og föstudaginn 6. mars. Skólahald hefst að nýju samkvæmt stundaskrá mánudaginn 9. mars.

Opið hús í Verzlunarskólanum



Þriðjudaginn 10. mars verður Verzlunarskóli Íslands opinn fyrir nemendur 10. bekkjar og forráðamenn þeirra á milli kl. 16.30 - 18.00. Sérstök áhersla verður lögð á að kynna námsframboð, þá aðstöðu sem stendur til boða og félagslífið. Skólastjórnendur, kennarar og námsráðgjafar verða á staðnum til að taka á móti gestum og svara spurningum og munu nemendur bjóða upp á leiðsögn um skólann. Bókasafn skólans verður opið gestum og eru allir hjartanlega velkomnir þangað.

Skólaping 2020



Stefnt er að því að skólaping verði reglulegur hluti af skólastarfi Verzlunarskólans. Á síðasta skólapingi sem haldið var í fyrra voru skólabragur og drauma kennsluhættir til umfjöllunar og settust þá nemendur, kennarar og foreldrar saman og ræddu þessi mál í víðu samhengi. Unnið hefur verið markvisst með niðurstöðurnar og stendur sú vinna enn yfir.

Í ár var yfirskrift skólapingins *Samskiptasáttmáli Verzló*. Tilgangur samskiptasáttmála Verzló er annars vegar að gera góðan skóla betri og hins vegar að skapa umhverfi þar sem nemendum og starfsfólki líður vel saman. Þetta getum við gert með hlýjum og jákvæðum samskiptum. Samskiptasáttmáli Verzló nær til allra nemenda og starfsmanna skólans.

Samskiptasáttmálinn er unninn upp úr raunverulegum upplifunum nemenda og starfsmanna skólans. Safnað var saman upplifunum, bæði jákvæðum og neikvæðum, úr skólastarfinu í janúar 2020. Allir bekkir fengu tíma hjá umsjónarkennara til að skrifa niður upplifanir sínar. Alls var skilað inn 737 blöðum og á hverju blaði var a.m.k. ein jákvæð upplifun og ein neikvæð upplifun. Upplifanirnar voru flokkaðar í þemu sem unnið var með á Skólapingi 25. febrúar 2020. Þátttakendur á skólapinginu voru valdir

með slembiúrtaki nemenda, tveir úr hverjum bekk, auk 30 starfsmanna sem einnig voru valdir með slembiúrtaki. Alls voru þátttakendur á þinginu 103. Raðað var á 6-8 manna borð og fékk hvert borð ákveðið þema til að vinna með út frá þeim upplifunum sem flokkuðust undir þemað. Unnið var með fjögur þema, viðmót, tengsl, umgengni og heilbrigði. Hvert borð fékk það hlutverk að setja niður leikreglur eða setningar sem byrjuð á “við ætlum alltaf að” og “við ætlum aldrei að” . Þessar setningar verða svo notaðar til að móta samskiptasáttmála skólans.




1 - Nemendur og kennarar ræða um jákvæð samskipti og setja hugmyndir á blað.

Nemendamótssýningin

Söngleikur Verzlunarskóla Íslands

Sýnt í Austurbæ - Miðasala á Tix.is



Nemendamótsnefnd Verzlunarskóla Íslands setur upp ár hvert stórglæsilegan söngleik. Í ár var settur upp söngleikurinn Alladín og töfralampinn sem er byggður á Disney teiknimyndinni Aladdin sem var gefin út árið 1992 og endurgerð leikin útgáfa árið 2019. Þessi söngleikur hefur aldrei verið settur upp af þessari stærðargráðu á Íslandi og hefur honum verið vel tekið af áhorfendum. Söngleikurinn er sýndur í Austurbæ og verða nokkrar sýningar í mars.

Agnar Jón Egilsson leikstýrir sýningunni og aðrir listrænir stjórnendur eru Pálmi Sigurhjártarson tónlistarstjóri og Rósa Rún dansstjóri.

Sýningin hentar öllum aldurshópum og er hægt að nálgast miða [hér](#).



2 - Alladín hefur allt sem þrýða má góða sýningu; fjör, dans og leikgleði sem áhorfendur skynja vel.

Vegna kórónaveiru (2019-nCoV)

Óvissustig

- Viðbragðsáætlun og viðbragðsleiðbeiningar skólans yfirlesnar og uppfærðar á heimasíðu skólans. Dagsetning uppfærslu skráð.
- Skólinn er í samstarfi við heilbrigðismenntaðan starfsmann við undirbúning.
- Allir starfsmenn, nemendur og aðstandendur nemenda undir lögaldri upplýstir um uppfærðar viðbragðsleiðbeiningar og hvar þær er að finna.
- Öryggisvörður vaktar upplýsingagjöf um stöðu mála hjá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og hjá landlæknisembættinu.

Hættustig

- Skólinn uppfærir upplýsingar um stöðu mála að höfðu samráði við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti landlæknis og birtir á heimasíðu sinni.
- Upplýsingum komið á framfæri innan skólans til starfsmanna, nemenda og forráðamanna nemenda undir lögaldri um hvernig verjast megi smiti.
- Mikilvægt að skólanum séu tilkynnt öll veikindi nemenda og starfsmanna og þau skráð formlega.
- Viðbrögð skilgreind við því þegar nemendur og starfsfólk taka að veikjast.

Neyðarstig

- Aðgerðum vegna sóttvarna hrint í framkvæmt samkvæmt kafla 9.4 og fylgt fast eftir.
- Skólinn mun halda úti starfsemi eins lengi og unnt er.
- Skólinn lokar komi ákvörðun um það frá yfirvöldum.
- Upplýsingar um stöðu mála stöðugt uppfærðar í samráði við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti landlæknis og birtar á heimasíðu skólans.

Skólinn fylgist vel með tilkynningum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og embætti landlæknis. Skólinn starfar skv. eftirarandi viðbragðsáætlun en skarist þær á við fyrimæli frá yfirvöldum mun farið eftir þeim.

Viðbragðsáætlunina má finna [hér](#).